

**Ed.**

## **773. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 29 frá 16. desember 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lögtaksrétturinn fylgir skuldakröfunni, og ber hann því hverjum þeim, er hann síðar eignast. Rétturinn helzt þangað til 2 ár eru liðin frá gjalddaga. Þó er það nóg, að lögtaksgerð sé byrjuð innan tveggja ára frestsins, enda sé lögtakinu haldið áfram með hæfilegum hraða. Séu gjalddagar lögtakskröfu fleiri en einn, skal þó telja frestinn frá síðari eða síðasta gjalddaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt eftir beiðni dómsmálaráðherra, og hafa nefndarmenn óbundið atkvæði um einstök atriði.

Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Breytingin, sem hér er lagt til, að gerð verði á lögtakslögnum, er um nánari ákvörðun þess tímabils, er liða má frá gjalddaga kröfu þar til lögtaksgerð er byrjuð.

Sankvæmt nógildandi lögum er nægilegt, að lögtaks sé beiðzt innan eins árs frá gjalddaga og lögtakinu síðan framfylgt með hæfilegum hraða. Hefur því tíðkast að framkvæma lögtak, þótt liðið væri talsvert fram yfir ársfrestinn, enda tekur það mikinn hluta úr ári að framkvæma lögtök fyrir gjöldum í hinum fjölmennari lögsagnarumdæmum, en vegna gjaldendanna þykir ekki fært að byrja lögtök fyrr en alllangur tími er liðinn frá gjalddaga. Er ársfresturinn því orðinn of stuttur.

Lagt er til, að bætt verði úr þessu með því að lengja lögtaksfrestinn upp í 2 ár, en jafnframt sett það skilyrði fyrir lögtaksréttinum, að lögtak hjá hinum einstöku gjaldendum sé byrjað innan þessa frests.

Er lögtakslögin voru sett, var einn gjalddagi á hverju einstöku opinberu gjaldi, en nú eru þeir í ýmsum tilfellum orðnir margir. Þykir því rétt, að lögtaksfresturinn miðist nú við síðasta gjalddaga hverrar kröfu, og er ákvæði um það sett í niðurlag greinarinnar.